

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 54/2007

frá 8. júní 2007

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2007 frá 27. apríl 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 103/2007 frá 2. febrúar 2007 um framlengingu aðlögunartímabils sem um getur í 4. mgr. 53. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66n (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002) í XIII. viðauka við samninginn:

„66na. **32007 R 0103**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 103/2007 frá 2. febrúar 2007 um framlengingu aðlögunartímabils sem um getur í 4. mgr. 53. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 (Stjtið. ESB L 28, 3.2.2007, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 103/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 209, 9.8.2007, bls. 80, og EES-viðbætur nr. 38, 9.8.2007, bls. 50.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 28, 3.2.2007, bls. 8.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 8. júní 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.